



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Prentari, prentun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Printer, printing

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir helstu eiginleika og verkan efna sem notuð eru í prentun og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem prentarar nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- getur séð um rekstur og daglega umsjón prentvélbúnaðar og umhverfis í prentsmiðjum
- þekkir virkni og notkun aukabúnaðar í prentverki og þekkir öryggiskröfur í rekstri prentbúnaðar
- getur séð um prentun í offsetprentvélum og kann skil á stafrænni prentun og öðrum helstu aðferðum við prentun
- kann meðferð pappirsíleggjara, prenteininga og frálags og kann að stilla pappír í prentvél
- þekkir ferli farfa frá farfabakka á pappír, þekkir helstu prentfarfa og hjálparefni við prentun
- kann stillingu og notkun vatnsverks
- kann aðferðir við samstillingu lita, að ná góðri áferð á pappír og að stilla farfamagn
- getur valið tegund farfa í samræmi við pappír og verkefni og metið gæði prentunar
- kann skil á algengustu forritum til vinnslu verka fyrir stafræna prentun
- kann skil á notkun og meðferð farfa í stafrænni prentun
- kann skil á stönsun, fellingun, tölusetningu og rifgötun prentgripa
- þekkir forsendur lita- og ljósfræði
- þekkir gerðir prentplatna og kunna skil á meðhöndlun þeirra
- þekkir forsendur fyrir flutningi stafrænna gagna
- þekkir aðferðir við meðhöndlun pappírs og helstu pappírsstaðla

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Prentarar vinna í almennum prentsmiðjum við prentun á blöðum, bókum, bæklingum, eyðublöðum, nótum, umslögum, auglýsingum o.fl. en einnig í blaðaprentsmiðjum við prentun á dagblöðum, tímaritum og bæklingum (streng-prentun). Þá vinna þeir í umbúðaprentsmiðjum við prentun á umbúðum, vöru-merkingum, merkimiðum o.fl. (offsetprentun, flexóprentun). Rétt til starfa í prentun hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í prentun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs eða meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. ÚMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar (þ.m.t. lýsing á kerfi prófgráða í landinu) er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is